

MARKÁÆTLUN UM Náttúruvá 2025

REGLUR FYRIR UMSÆKJENDUR OG
FAGRÁÐ

Útgáfa 1.0



Efnisyfirlit

Formáli	3
1 Almennar upplýsingar varðandi Markáætlun 2025 um náttúruvá.....	3
1.1 Hlutverk Markáætlunarinnar	3
1.2 Áherslur stjórnar.....	3
1.3 Tímasetningar	4
1.4 Stjórn Markáætlunar.....	4
1.5 Sérfræðingar Markáætlunar	4
1.6 Siðareglur umsýsluaðila	4
1.7 Vanhæfisreglur	4
1.8 Siðareglur umsækjenda og öflun tilskilinna leyfa	5
1.9 Misferli	5
1.10 Aðgengi að niðurstöðum og gögnum	5
2 Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda	6
2.1 Tungumál	6
2.2 Mótframlag	6
2.3 Samþykktur kostnaður	6
2.3.1 Laun	6
2.3.2 Rekstrarkostnaður.....	6
2.3.3 Ferðakostnaður	6
2.3.4 Aðkeypt þjónusta	6
2.3.1 Tækjakaup	7
2.3.2 Samrekstur og aðstaða.....	7
2.3.3 Flutningur fjármagns á milli kostnaðarliða	7
2.4 Hvað á umsókn að innihalda?	7
2.5 Fagráð Markáætlunar um Náttúruvá.....	8
3 Matsferli umsókna.....	8
3.1 Forskoðun	8
3.2 mat fagráðs	8
4 Styrkveiting.....	9
4.1 Ákvörðun um styrkveitingu.....	9
4.2 Samningur	9
4.3 Greiðslur til styrktra verkefna	9
4.4 Skýrslur	9
5 Matsblað.....	10

FORMÁLI

Þetta er Handbók fyrir Markáætlun um náttúruvá fyrir umsækjendur, fagrað og ytri matsmenn. Markmið hennar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og utanumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru reglur sjóðsins og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um réttindi og skyldur styrkþega. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur og fagraðsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI MARKÁÆTLUN 2025 UM NÁTTÚRUVÁ

1.1 HLUTVERK MARKÁÆTLUNARINNAR

Markáætlun er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt 7. gr. laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum): „Í fjárlögum eru veittir styrkir til grunnrannsókna og hagnýtra verkefna undir formerkjum Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Markáætlun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar nær yfir stefnumótandi áætlanir þar sem um er að ræða tímabundinn forgang á fjármagni. Verkefni skulu unnin í nánú samstarfi fyrirtækja, rannsóknarstofnana og háskóla á einstökum sviðum eða þverfaglegum fræðasviðum á grundvelli vandaðra rannsóknaráætlana.“ Markáætlun er fjármögnuð af menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu. Áherslur áætlunarinnar eru ákvarðaðar af Vísinda- og nýsköpunarráði. Rannís er umsýsluaðili sjóðsins.

Hlutverk markáætlunar um náttúruvá¹ er að undirbúa land og þjóð betur fyrir atburði sem tengjast náttúrumhamförum og öfgum náttúruafla, ásamt því að bregðast við þeim á skipulegan hátt. Markáætluninni er ætlað að styðja við nýsköpunarmiðað þekkingarsamfélag, sem nýtir öflugar grunnrannsóknir og hagnýta þekkingu til að takast á við áskoranir sem tengjast náttúruvá og miðla þekkingu til almennings og stjórnvalda.

Einnig er markmið markáætlunar um náttúruvá að nýta þekkingu og styrkleika mismunandi fagsviða, tækni- og fræðigreina til að stuðla að auknum skilningi á íslenskri náttúru, samfélagi og umhverfi.

Markáætlunin veitir styrki samkvæmt þeim áherslum sem eru skilgreindar fyrir sjóðinn, og á grundvelli faglegs mats á gæðum verkefnis, áætlaðri þörf fyrir afurðir verkefnisins, færni þeirra einstaklinga sem stunda rannsóknirnar og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

1.2 ÁHERSLUR STJÓRNAR

Stjórn markáætlunar um náttúruvá leggur áherslu á að styrkja rannsóknir, þróun og hagnýtingu sem tengjast náttúruvá í víðu samhengi. Við ákvörðun áherslna fyrir markáætlun um náttúruvá var m.a. stuðst við [fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar](#) og [stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum](#). Að neðan eru dæmi um möguleg verkefni sem falla að þessum áherslum (upptalningin er ekki tæmandi):

- Verkefni sem efla þekkingu og bæta getu til að spá fyrir um náttúruvá, þ.á.m. eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð, aurskriður, jökulhlaup, fárviðri, kulda og flóð í sjó, ám og vötnum, gróðurelda eða smitfaraldra.

¹ Hér er notast við eftirfarandi skilgreiningu á náttúruvá: Náttúruvá er sérhvert það ástand í náttúrunni sem ógnar og gæti þannig orðið að válegum atburði, valdið skaða, aðstöðu- og eignartjóni, slysum og/eða mannfalli eftir atvikum (sbr. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=68712>).

- Verkefni sem efla viðbragðsþol (e. *resilience*) gagnvart náttúruvá. Undir þennan flokk falla m.a. verkefni sem lúta að forvörnum, eftirfylgni, mótvægis- og aðlögunaraðgerðum, áhættustýringu, samfélags-, heilsufars- og menningarlegum áhrifum náttúruvá og stefnu-mótun.

Markáætlun um náttúruvá styður rannsóknar- og þróunarverkefni til allt að þriggja ára. Hámark einstakra styrkja er 120 m. kr. Áætluð styrkupphæð hvers árs í umsókn getur verið breytileg en þó aldrei hærri en 60 m. kr. á einu styrkári.

Markáætlunin er opin fyrir vísindafólk og frumkvöðla á öllum fræðasviðum. Gert er ráð fyrir samvinnu á milli háskóla, fyrirtækja og rannsóknarstofnana. Krafa er gerð um minnst þrjá samstarfsaðila og af þeim skal að minnsta kosti einn vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

1.3 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur fyrir umsóknir í Markáætlun verður til og er auglýstur með a.m.k. 6 vikna fyrirvara.

1.4 STJÓRN MARKÁÆTLUNAR

Ráðherra skipar sex manna stjórn Markáætlunar. Þrír stjórnarmeðlimir eru valdir úr stjórn Rannsóknasjóðs og þrír stjórnarmeðlimir valdir úr stjórn Tækniþróunarsjóðs. Nöfn [stjórnarmanna](#) má finna á vef Rannís. Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutunarreglur og leiðbeiningar og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða.

1.5 SÉRFRÆÐINGAR MARKÁÆTLUNAR

Almennum spurningum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal beint til sérfræðinga Markáætlunar hjá Rannís. Tölvupóstfang sjóðsins er markaaetlun@rannis.is og heimasíðan [hér](#).

Umsækjendur mega ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband vegna umsóknar við fagráð eða stjórn meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við fagráðsmann eða stjórnarmann vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.

1.6 SIÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Stjórn og fagráð Markáætlunar, sérfræðingar sjóðsins og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit skulu aðeins vera útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Stjórn og fagráð Markáætlunar eru meðvituð um að birting eða ólöglegt nýting trúnaðarupplýsinga geta valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni.

1.7 VANHÆFISREGLUR

Fagráðsmenn, stjórnarmenn og ytri sérfræðingar skulu teljast vanhæfir vegna tiltekinnar umsóknar ef eitthvað af eftirfarandi á við:

- Almennar vanhæfisástæður sem taldar eru upp í stjórnsýslulögum ([nr. 37/1993](#))
- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni eða náin samvinna milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn mega ekki eiga aðild að umsókn í Markáætlun.
- Ytri sérfræðingar mega ekki eiga aðild að umsókn í Markáætlun.

- Ef stjórnarmaður á aðild að umsókn þarf hann að segja sig frá allri umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

Fagráðsmenn og stjórnarmenn sem teljast vanhæfir samkvæmt ofanskráðu þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir. Ytri sérfræðingar geta ekki tekið að sér að rýna umsókn þar sem eitthvert ofanskráðra atriða gildir.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá sömu stofnun eða fyrirtæki er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við þá starfsmenn sem standa að umsókn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn, fagráðsmenn og ytri sérfræðingar eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi til að fjalla um umsóknir í Markáætlun um náttúruvá.

1.8 SIÐAREGLUR UMSÆKJENDA OG ÖFLUN TILSKILINNA LEYFA

Umsækjandi skal taka fram í umsókn hvort verkefnið innihaldi þætti sem þarf að skoða sérstaklega með tilliti til almennra siðareglna. Í slíkum tilfellum þarf að útskýra hvað í því felst og hvernig verður tekið á þessum þáttum. Viðeigandi leyfi þurfa að liggja fyrir (t.d. frá [vísindasiðanefnd](#) og [persónuvernd](#)). Ef leyfisumsókn er enn í vinnslu þegar umsókn er send í Markáætlun skal þess getið í umsókninni og skal leyfinu skilað inn til sérfræðinga Markáætlunar um leið og það fæst eða tilkynnt um ef leyfi hefur ekki fengist. Ekki er gengið frá samningi fyrir en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

Umsækjanda ber að virða alþjóðlegar reglur og samþykktir þar sem slíkt á við, til dæmis um nýtingu einkaleyfa.

1.9 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn eða styrkt verkefni í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, verður stofnun/fyrirtæki viðkomandi og stjórn Markáætlunar gert viðvart án undantekninga.

Vakni grunur um misferli á meðan umsókn er í matsferli verður hún dregin út úr ferlinu meðan stofnun umsækjanda fær tækifæri til að rannsaka hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókn vísað frá mati og stofnun umsækjanda gerð ábyrg fyrir viðeigandi ráðstöfunum.

Stjórn Markáætlunar getur einnig haft frumkvæði að sjálfstæðri rannsókn á ásökunum um misferli.

Komist upp um misferli í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir styrktímabil getur stjórn Markáætlunar ákveðið sérstök viðurlög svo sem að hluti eða allt styrkfé verði endurgreitt eða að umsækjanda verði meinað að sækja í sjóðinn.

1.10 AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM OG GÖGNUM

Samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir [nr. 3/2003](#) með áorðnum breytingum (10. gr.), skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnu aðengi. Ofanefnd lög um opið aðengi eiga aðeins við um birtingar niðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum.

Einnig er gerð krafa um að gögn sem styrkþegar afla í styrktum verkefnum séu gerð aðgengileg í rafrænum varðveislusöfnum, eftir því sem höfundarréttur leyfir, í síðasta lagi tveimur árum eftir að styrktímabili lýkur. Í umsókn skal koma fram, eins og við á, hvernig vistun gagna og aðengi að gögnum verður háttað. Gera skal grein fyrir vörslu og aðengi að verkfærum, hugbúnaði eða algrímum sem safnað verður eða verða til í verkefninu,

samkvæmt FAIR viðmiðum (findable, accessible, interoperable and re-usable). Fyrir verkefni sem hljóta styrk skal, eftir því sem við á, skila gagnastjórnaráætlun sem er í samræmi við alþjóðlega staðla, þ.e. FAIR viðmið, persónuverndarreglur Íslands og ESB (General Data Protection Regulation) og siðareglur um gagnastjórnun. Ef óskað er undanþágu frá þessum viðmiðum skal gera grein fyrir rökum fyrir undanþágu í umsókn.

Styrkþegar skulu geta Markáætlunar og styrknúmers verkefnis í öllum birtingum niðurstaðna: „Verkefnið var styrkt af Markáætlun, styrknúmer... ”, á ensku: *“This work was supported by The Icelandic Strategic Research and Development Programme for Natural Hazards, grant number...”*.

2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA

Umsækjendur eru hvattir til að lesa kafla 3 til 5 - *Matsferli umsókna, Leiðbeiningar til fagráðsmanna og Matsblað* þar sem fram koma þau matsviðmið sem fagráð mun styðjast við.

2.1 TUNGUMÁL

Umsóknum skal skila inn á ensku, og enska er að öllu jöfnu samskiptatungumál markáætlunar um náttúruvá.

2.2 MÓTFRAMLAG

Mótframlag umsækjanda í verkefni getur verið ólíkt eftir tegund umsækjanda. Mótframlagskröfur má sjá í viðauka 1.

2.3 SAMÞYKKTUR KOSTNAÐUR

2.3.1 LAUN

Lagður er til grundvallar sá tími sem starfsmenn vinna í verkefninu. Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjarasamninga og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Sjóðurinn styrkir ekki laun þeirra sem gegna störfum erlendis, og tekur það jafnt til framhaldsnema, nýdoktora og annarra þátttakenda. Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda verður að vera skilgreint í umsókn sé sótt um laun fyrir þá. Markáætlun styrkir hvorki greiðslu á yfirvinnu né greiðslu launa til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum.

2.3.2 REKSTRARKOSTNAÐUR

Hægt er að sækja um kostnað vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið, en þó ekki liði sem falla undir samrekstur og aðstöðu, þar með talinn almennan skrifstofubúnað svo sem tölvur. Gera þarf grein fyrir öllum rekstrarkostnaði sundurliðað í reitnum fyrir neðan töfluna. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur.

2.3.3 FERÐAKOSTNAÐUR

Hægt er að sækja um kostnað vegna ferða þátttakenda sem eru nauðsynlegar fyrir framgang verkefnisins. Færa skal rök fyrir öllum ferðum og á hvern hátt þær tengjast verkefninu. Sjóðurinn styrkir ekki ferðakostnað þeirra sem ekki eru beinir þátttakendur í verkefninu, þ.m.t. einstaklinga sem skilgreindir eru sem aðrir þátttakendur (*other participants*) í umsókn. Telji umsækjendur ferðakostnað slíkra aðila nauðsynlegan fyrir framgang verkefnisins, má tilgreina hann undir aðkeyptri þjónustu. Ath. að dagpeningar slíkra aðila eru ekki styrktir.

2.3.4 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Undir þennan lið fellur kostnaður við verkhluta sem ekki eru unnir af skráðum þátttakendum í verkefninu, en eru nauðsynlegir fyrir framgang þess. Í umsókn skal gera grein fyrir því hvað felst í hinni aðkeyptu þjónustu og öllum kostnaði.

Kostnaður við aðkeypta þjónustu skal að jafnaði ekki vera meiri en 20% af heildarstyrk verkefnisins.

Tilboð vegna aðkeyptrar þjónustu skal liggja fyrir við undirskrift samnings.

Framlag vegna samreksturs og aðstöðu reiknast ekki á aðkeypta þjónustu.

2.3.1 TÆKJAKAUP

Hægt er sækja um styrk til kaupa á sérhæfðum tækjabúnaði sem telst nauðsynlegur fyrir framgang verkefnisins. Færa skal rök fyrir tækjakaupunum og kostnaður við þau skal að jafnaði ekki vera meiri en 20% af heildarstyrk verkefnisins.

Tilboð frá seljanda/ framleiðanda vegna tækjakaupa skal liggja fyrir við undirskrift samnings.

Framlag vegna samreksturs og aðstöðu reiknast ekki á kostnað vegna tækjakaupa.

2.3.2 SAMREKSTUR OG AÐSTAÐA

Hægt er að sækja um framlag sem nemur allt að 25% af heildarkostnaði við verkefnið, að aðkeyptri þjónustu og tækjakaupum undanskildum, til að fjármagna samrekstur og aðstöðu. Um er að ræða kostnað vegna skrifstofu- og rannsóknaraðstöðu svo sem leigu, hita, rafmagn, stjórnun rekstrareininga, bóka- og tímaritakaup, kaup og rekstur á almennum tölvubúnaði o. fl.

2.3.3 FLUTNINGUR FJÁRMAGNS Á MILLI KOSTNAÐARLIÐA

Fyrirfram samþykktar er krafist fyrir flutningi á meira en 10% af heildarupphæð hvers styrkárs (án framlags vegna samreksturs) á milli mismunandi kostnaðarliða.

Alltaf er krafist samþykktar fyrir breyttri nýtingu fjármagns úr launalið doktors- og meistaranema og nýdoktora og eru slíkar beiðnir metnar í hverju tilfelli fyrir sig

2.4 HVAÐ Á UMSÓKN AÐ INNIHALDA?

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís.

Til að umsókn teljist gild verður að fylla í alla skyldureiti í umsóknarkerfinu. Umsóknin þarf einnig að innihalda eftirfarandi fylgiskjöl sem hlaðið er upp í gegnum umsóknarkerfið:

Viðhengi A. Verkefnislýsing

Nota skal sérsniðið eyðublað (sniðmát) sem finna má í umsóknarkerfinu fyrir verkefnislýsingu og því skal skila á pdf formi.

Í sniðmátinu er notað 11 pkt. Calibri (body) eða sambærilegt letur með línubílinu 1,5 og 2,5 cm spássíu. Þessum stillingum skal ekki breytt.

Verkefnislýsingin má að hámarki vera 15 síður. Við verkefnislýsinguna bætist forsíða, samantekt og efnisyfirlit, þannig að umsóknarkerfið leyfir að hlaðið sé upp 18 síðna pdf-skrá (fyrir utan heimildaskrá).

Umsóknum þar sem ekki er notast við rétt sniðmát fyrir verkefnislýsingu verður vísað frá mati. Slíkt getur átt sér stað hvenær sem er í matsferlinu.

Viðhengi B. Ferilskrá

Ferilskrá verkefnisstjóra skal innihalda upplýsingar um núverandi stöðu auk upplýsinga um menntun og þjálfun; fyrri stöður; viðurkenningar/verðlaun; lista yfir birtingar, fullgerðan hugbúnað, einkaleyfi o.þ.h. Ferilskrá skal vera að hámarki 2 bls. og óþarft er að nefna atriði sem ekki nýtast við mat á umsókn.

Viðhengi C. Samstarfsyfirlýsing

Markáætlun um náttúruvá styrkir eingöngu samstarfsverkefni. Krafa er gerð um minnst þrjá samstarfsaðila og af þeim skal að minnsta kosti einn vera lítið eða meðalstórt fyrirtæki. Undirrituð staðfesting skal fylgja umsókn þar sem tilgreint er hverjir þátttakendur eru og í hverju þátttaka þeirra í verkefninu felst.

Umsóknir þurfa að uppfylla öll skilyrði um styrkhæfi til að fá faglegt mat. Ef í ljós kemur meðan á matsferli stendur að eitt eða fleiri skilyrði eru óuppfyllt verður umsókn tekin úr matsferli.

Faglegt mat á umsókn byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem gefnar eru í umsókn og tilheyrandi viðaukum. **Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**

2.5 FAGRÁÐ MARKÁÆTLUNAR UM NÁTTÚRUVÁ

Allar gildar umsóknir eru metnar af fagráði. Stjórn Markáætlunar skipar einstaklinga með víðtæka reynslu af rannsóknnum og/eða nýsköpun í fagráðið. Við skipun fagráðsins er gætt að faglegri breidd og að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Stjórn skipar formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna. Formaður ber ábyrgð á, með hjálp umsjónarmanns fagráðs úr hópi sérfræðinga Markáætlunar, að samræma vinnu fagráðsins og að það vinni samkvæmt stefnu og hlutverki Markáætlunar og siðareglum. Eftir að fagráð hefur verið skipað eru nöfn fagráðsmanna birt á heimasíðu sjóðsins á vef Rannís.

Umsækjendur mega ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagráðsmenn meðan á matsferli stendur. Spurningum varðandi einstök fagráð og fagsvið skal beint til sérfræðinga Markáætlunar. Hafi umsækjandi samband við fagráðsmann vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.

3 MATSFERLI UMSÓKNA

3.1 FORSKOÐUN

Umsóknir eru skoðaðar af umsjónarmönnum sjóðsins. Ófullgerðum umsóknum og umsóknum þar sem ekki hefur verið farið eftir reglum sjóðsins er vísað frá án frekara mats og er umsækjanda tilkynnt um slíkt.

3.2 MAT FAGRÁÐS

Allar umsóknir sem standast forskoðun eru metnar af fagráði. Umsóknum sem berast fagráðinu er skipt niður á fagráðsmenn. Allir fagráðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknirnar en að lágmarki eru þrír lesarar innan fagráðsins skráðir á hverja umsókn. Fagráðið leitar jafnframt álits hjá tveimur eða fleiri ytri sérfræðingum fyrir hverja umsókn. Sömu siða- og vanhæfisreglur gilda um ytri matsmenn og fagráðsmenn.

Fagráðið afgreiðir hverja umsókn með rökstuddri, skriflegri greinargerð og forgangsraðar umsóknum á grunni hins faglegra mats. Umsækjendur fá sent fagráðsmat þegar stjórn Markáætlunar hefur ákveðið úthlutun ársins. Við mat og ákvörðun úthlutunar verður m.a. horft til umfangs og áhrifa verkefna með tilliti til umsótttra styrkuppþæða.

4 STYRKVEITING

4.1 ÁKVÖRÐUN UM STYRKVEITINGU

Eftir að fagráðið hefur lokið störfum sínum fundar formaður fagráðsins með stjórn Markáætlunar þar sem hann gerir grein fyrir fagráðsvinnunni og hvort álitamál hafi komið upp við mat umsókna. Stjórn Markáætlunar tekur ákvörðun um styrkveitingar að fengnum umsögnum fagráðs. Til viðbótar hinu faglega mati, sem fagráð skilar, skal stjórn Markáætlunar miða umfjöllun sína við stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs og fjárframlög í sjóðinn. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur svarbréf með lokamati fagráðs.

Styrkveitingar eru birtar á vef Rannís.

Ákvarðanir stjórnar um veitingu styrkja úr Markáætlun eru endanlegar á stjórnarsýslustigi. Samkvæmt 4. grein laga nr. 3 frá 2003 sæta ákvarðanir stjórnar Markáætlunar um styrkveitingu eða höfnun ekki stjórnarsýslukæru.

4.2 SAMNINGUR

Rannís gerir samning við styrkþega fyrir hönd Markáætlunar til eins árs í senn. Miðast skil á stöðuskýrslum og útborgunarfyrirkomulag við það. Ganga skal frá samningi innan 2 mánaða frá tilkynningu um styrk ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá samningi en slíkt verður að gera tímanlega.

4.3 GREIÐSLUR TIL STYRKTRA VERKEFNA

- Fyrsta greiðsla hvers árs (40%) greiðist við undirritun samnings.
- Önnur greiðsla hvers árs (40%) greiðist við samþykkt framvinduskýrslu. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.
- Þriðja greiðsla hvers árs (20%) er greidd þegar árskýrsla/lokaskýrsla hefur verið samþykkt. Skilafrestur er tilgreindur í samningi.

4.4 SKÝRSLUR

Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir skilum á framvindu-, árs- og lokaskýrslum í samræmi við samning og öllum þeim upplýsingum sem þar eiga að koma fram. Skýrslurnar eru yfirfarnar af starfsfólki sjóðsins hjá Rannís, sem gera tillögur til stjórnar Markáætlunar um hvernig áframhaldandi stuðningi við verkefnið skuli háttað. Starfsfólk sjóðsins getur farið fram á frekari upplýsingar og skýringar frá styrkþegum og ráðfært sig við fagráð ef þörf krefur. Lokagreiðsla hvers styrkárs, 20%, er greidd við samþykkt árs- eða lokaskýrslu, eftir því sem við á. Sé skýrsla ekki samþykkt getur stjórn sjóðsins rift samningi við styrkþega og farið fram á endurgreiðslu styrkfjár. Í lokaskýrslu skal greina frá framvindu verkefnisins, lokaniðurstöðum og afurðum. Nákvæmt kostnaðaryfirlit (sundurliðuð tafla og hreyfingalisti) skulu fylgja skýrslunni og gerð grein fyrir frávikum frá upphaflegri áætlun. Sniðmát fyrir framvinduskýrslur, ársskýrslur og lokaskýrslur má finna á vefsíðu markáætlunar.

5 MATSBLAÐ

Tafla 1. Vægi matsþátta

Matsþættir og matsgildi	
Notast er við skalann 1-5 fyrir matsþætti 1.1.-2.2 (sjá töflu 2). Undir hverjum matsþætti er listi yfir mögulegar spurningar til að leiða mat.	
1. Markmið og áhrif	60%
1.1 Markmið og samhengi við stöðu almennrar þekkingar - Eru markmið og mikilvægi þeirra skýr? - Er gerð fullnægjandi grein fyrir stöðu almennrar þekkingar? - Er skýr tenging á milli markmiða og stöðu almennrar þekkingar?	30%
1.2 Áhrif sem vænta má af verkefninu - Mat á nýnæmi verkefnisins - Mat á notkunarmöguleikum afurða/niðurstaðna - Mat á umfangi og mikilvægi áhrifa verkefnisins	30%
2. Framkvæmd	40%
2.1 Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun - Er lýsing á verkþáttum, vörðum og tímalínunum við hæfi? - Er kostnaðaráætlun raunhæf, auðskiljanleg, og sýnir skilning umsækjanda á kostnaði verkefnis?	20%
2.2 Bolmagn og raunhæfi - Er samsetning teymis í samræmi við markmið hvað snertir þekkingu, reynslu, hæfni? - Eru tækjakostur/innviðir/aðföng vel skilgreind, fullnægjandi, og aðgangur tryggður? - Er líklegt að markmiðum verði náð?	20%

Tafla 2. Matsskali og viðmið tölulegra einkunna

Flokkur	Umsögn
A1	Framúrskarandi umsókn, nánast án galla
A2	Mjög góð umsókn, léttvægir veikleikar
A3	Sterk umsókn, minniháttar veikleikar
B	Umsókn með einn eða fleiri takmarkandi veikleika
C	Slök umsókn með meiriháttar veikleika eða á ekki heima sjóðnum

VIÐAUKI 1: REGLUR UM MÓTFRAMLAG

Gerðar eru mismunandi kröfur um mótframlag umsækjenda af heildarkostnaði við verkefnið.

Ekki er krafist mótframlags frá háskólum eða rannsóknastofnunum.

Mótframlag fyrirtækja fer eftir stærð fyrirtækis, tegund verkefnis og ákveðnum fyrirvörum, sjá Töflu 1. Bókfærður kostnaður við verkefnið þarf að lágmarki að vera jafn hár styrkuppþæð sem veitt er til verkefnisins. Gerð er krafa í umsókn um að tilgreint sé hvernig mótframlagi verði háttað. Skilgreining á stærð fyrirtækis má sjá í Viðauka 2.

Tafla 1: Lágmarkskrafa um mótframlag fyrirtækja af kostnaði í verkefninu á hverju styrkari. Skilgreiningar á tegundum verkefna má finna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA².

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórt fyrirtæki
Iðnaðarrannsóknir	30%	40%	50%
- með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (þegar um ræðir stórt fyrirtæki, samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta) eða milli fyrirtækis og rannsóknastofnunar; eða - með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna	20%	25%	35%
Þróunarstarf	55%	65%	75%
- með fyrirvara um skilvirkt samstarf milli fyrirtækja (þegar um ræðir stórt fyrirtæki, samstarf yfir landamæri eða við eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki hið minnsta) eða milli fyrirtækis og rannsóknastofnunar; eða - með fyrirvara um víðtæka miðlun niðurstaðna	40%	50%	60%

² <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-44-is-06-08-2015.pdf>

VIÐAUKI 2: STÆRÐ FYRIRTÆKIS

Lítið fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

Meðalstórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50-250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

Stórt fyrirtæki: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn sbr. I. viðauka reglugerðar framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) nr. [651/2014](#) frá 17. júní 2014.

VIÐAUKI 3: ILLA STÖDD FYRIRTÆKI

Fyrirtæki sem eru eldri en þriggja ára og eru illa stödd geta ekki hlotið styrk úr Markáætlun³ í þeim styrktarflokkum sem falla utan minniháttar aðstoðar. Í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA⁴ er litið svo á að fyrirtæki sé illa statt þegar þannig stendur á að komi ekki til íhlutunar hins opinbera má telja víst að það neyðist til að hætta starfsemi innan eins eða fárra ára. Í samræmi við þetta er fyrirtæki talið illa statt ef að minnsta kosti einar eftirtalinna aðstæðna koma upp:

- a) Þegar þannig stendur á í hlutafélagi að fjárhæð sem nemur meira en helmingi útgefins hlutafjár hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma. Sú er raunin ef þannig stendur á að þegar uppsafnað tap er dregið frá eigin sjóðum fyrirtækisins (að meðtöldum öllum öðrum þáttum sem venjulega teljast til eiginfjár þess) er niðurstaðan neikvæð samtala sem nemur hærri fjárhæð en helmingi útgefins hlutafjár.
- b) Þegar um er að ræða félag þess eðlis að a.m.k. sumir eigendanna bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess er átt við stöðu mála þar sem meira en helmingur af bókfærðu eigin fé hefur farið forgörðum vegna taprekstrar á löngum tíma.
- c) Þegar fyrirtækið sætir skiptameðferð vegna ógjaldfærni að sameiginlegri ósk kröfuhafa eða fullnægir skilyrðum landslaga fyrir því að kröfuhafar geti óskað slíkrar málsmeðferðar.
- d) Þegar um ræðir fyrirtæki önnur en lítil og meðalstór er átt við aðstæður þar sem eftirfarandi hefur átt við undangengin tvö ár:
 - i. hlutfall bókfærðra skulda af eiginfé hefur verið herra en 7,5 og
 - ii. vaxtaþekja sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBITDA) hefur verið undir 1,0.

Ef að fyrirtæki eða samstarfsfyrirtæki í verkefni sem hlýtur styrk úr Markáætlun endir í fjárhagsvanda á styrktímanum, ber verkefnisstjóra verkefnisins að upplýsa starfsmenn Markáætlun um það svo fljótt sem verða má.

³ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-44-is-06-08-2015.pdf>

⁴ <http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2015-is/su-nr-62-is-15-10-2015.pdf>